

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í mars 1976. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hækkun gjalda skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er ákveðin skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. ágúst 1976 frá því sem þær voru í júlí 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. skal hækka um 18% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.